Alþýðusamband Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sent í samráðsgátt stjórnvalda
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2020
Tilvísun: 201909-0002

Efni: Umsögn ASÍ í samráðsgátt um drög að reglugerð um vinnustaðanám

Alþýðusamband Íslands veitir hér með umsögn sína um drög að reglugerð um vinnustaðanám og starfsþjálfun sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 3. desember sl. ASÍ telur jákvætt að gera breytingar á vinnustaðanámi með hagsmuni nemenda í huga. Þær breytingar sem lagðar eru til eru þó nokkrar og mikilvægt að vel takist til við framkvæmd breytinganna.

Athugasemdir ASÍ

Í drögunum er ekki gert ráð fyrir ákveðinni tímalengd náms, heldur geti nemendur lokið ákveðnum þáttum námsins á styttri tíma ef þeir hafa öðlast þá hæfni sem telst fullnægjandi. Hins vegar skortir á útfærslu í drögunum. Hvernig verður nýtt fyrirkomulag skilgreint? Gæta þarf að gæðum námsins en með því að taka út ákveðinn vikufjölda og leggja í stað þess áherslu á hæfni nemandans eru gerðar meiri kröfur til skóla og atvinnulífs um aukið eftirlit og umsjón.

ASÍ fagnar því að tilurð rafrænnar ferilbókar er skýrt og vægi hennar skilgreint, enda er hún grundvöllur þess að meta hæfni nemenda og varpa betri sýn á stöðu þeirra yfir námstímann. Huga þarf að því að hæfniþættir verði vel skilgreindir í ferilbókinni, bæði fyrir skóla og atvinnulíf.

Í nýjum drögum er boðið uppá tvær leiðir: iðnmeistaraleið og skólaleið. Með skólaleiðinni má leiða líkum að því að brottfall úr iðnnámi minnki og blindgötum fækki hjá þeim nemendum sem komast ekki á samning hjá meistara og er það vel. Gæta verður þess að gerðar verði sömu kröfur til nemenda óháð því hvor leiðin sé farin og að tryggt verði að kennsla iðnnema sé með fullnægjandi hætti. Með þessum breytingum eykst jafnframt eftirlitskylda skólanna um öryggi á vinnustað ásamt eftirliti með réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Þá þarf að útfæra nánar hvernig megi tryggja það að þeir sem fara skólaleiðina og í starfsþjálfun á vegum skólanna án launa og þeir sem fara iðnmeistaraleiðina á launum njóti sömu réttinda. Horfa þarf til reynslu nágrannalandanna í þeim efnum. Tryggja þarf að skólaleiðin ýti ekki undir launalaus störf og félagsleg undirboð. Þessi breyting býður þeirri hættu heim að minni fyrirtæki sjái sér ekki fært að taka nema og fari því skólaleiðina og greiði þ.a.l. ekki laun. Gæta þarf að því að nemar verði ekki settir í sérstaka einsleita verkefnavinnu á vinnustöðum sem komi til með að takmarka reynslu þeirra og minnka möguleika þeirra á góðri atvinnu.

ASÍ hefur um árarаðir barist fyrir auknu vægi og aðgengi iðn- og verknáms. Það er mikilvægt að stjórnvöld styðji vel við nemendur sem vilja stunda iðnnám og að menntakerfið bjóði upp á hvata til iðn- og verknáms. Með þessum fyrirhuguðu breytingum á vinnustaðanámi þarf að tryggja aukið fjármagn bæði inn í skólakerfið og til vinnustaðanámssjóðs.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Eyrún Valsdóttir
Sviðstjóri fræðslu og þekkingar